

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um aðgerðir gegn hryðjuverkastarfsemi, nr. 448/2014.

1. gr.

Þvingunaraðgerðir.

Eftirfarandi töluliðir skulu bætast við 1. mgr. 2. gr. reglugerðarinnar, í rétttri númeraröð:

- 1.17 Ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2025/2398 frá 24. nóvember 2025 um breytingu á ákvörðun (SSUÖ) 2016/1693 um þvingunaraðgerðir gegn Íslamska ríkinu (Da'esh) og Al-Qaida-samtökunum og einstaklingum, hópum, fyrirtækjum og rekstrareiningum sem þeim tengjast, sbr. fylgiskjal 1.17.
- 3.11 Reglugerð ráðsins (ESB) 2025/2397 frá 24. nóvember 2025 um breytingar á reglugerð (ESB) 2016/1686 um viðbótarþvingunaraðgerðir gegn Íslamska ríkinu (Da'esh) og Al-Qaida-samtökunum og einstaklingum, lögaðilum, rekstrareiningum eða stofnunum sem þeim tengjast, sbr. fylgiskjal 3.11.

2. gr.

Frysting fjármuna.

5. gr. reglugerðarinnar orðast svo:

Skylda til að frysta án tafar fjármuni og efnahagslegan auð samkvæmt reglugerð þessari á við um:

- a) aðila sem tilgreindur er í listum samkvæmt reglugerð þessari þegar kveðið er á um frystingarskyldu og b) aðila sem tilgreindur er á grundvelli ályktunar öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 1373 (2001), ef réttmætur grundvöllur eða réttmætar ástæður eru til að gruna eða ætla að viðkomandi aðili eða rekstrareining sé hryðjuverkamaður, einhver sem fjármagnar hryðjuverkastarfsemi eða hryðjuverkasmök.

3. gr.

Gildistaka o.fl.

Reglugerð þessi, sem er sett með heimild í 6. gr. laga um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða og frystingu fjármuna, nr. 68/2023, öðlast þegar gildi.

Utanríkisráðuneytinu, 16. mars 2026.

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir.

Martin Eyjólfsson.

Fylgiskjal 1.17.**ÁKVÖRDUN RÁÐSINS (SSUÖ) 2025/2398****frá 24. nóvember 2025****um breytingu á ákvörðun (SSUÖ) 2016/1693 um þvingunaraðgerðir gegn Íslamska ríkinu (Da'esh) og Al-Qaida-samtökunum og einstaklingum, hópum, fyrirtækjum og rekstrareiningum sem þeim tengjast**

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um Evrópusambandið, einkum 29. gr.,

með hliðsjón af tillögu frá æðsta fulltrúa Sambandsins í utanríkis- og öryggismálum,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Hinn 20. september 2016 samþykkti ráðið ákvörðun (SSUÖ) 2016/1693 ⁽¹⁾.
- 2) Í ljósi þeirrar áframhaldandi ógnar sem stafar af Íslamska ríkinu (Da'esh) og Al-Qaida-samtökunum og einstaklingum, hópum, fyrirtækjum og rekstrareiningum sem þeim tengjast ætti að bæta einni rekstrareiningu á skrána yfir einstaklinga, hópa, fyrirtæki og rekstrareiningar sem er sett fram í viðaukanum við ákvörðun (SSUÖ) 2016/1693.
- 3) Með tilliti til þess að rekstrareiningin sem bæta skal á skrána fellur þegar undir aðgerðirnar sem settar eru fram í ákvörðun ráðsins 2010/788/SSUÖ ⁽²⁾ ætti að fresta viðeigandi þvingunaraðgerðum samkvæmt ákvörðun (SSUÖ) 2016/1693 varðandi þá rekstrareiningu eins lengi og aðgerðirnar sem kveðið er á um í ákvörðun 2010/788/SSUÖ gilda um hana.
- 4) Því ætti að breyta ákvörðun (SSUÖ) 2016/1693 til samræmis við það.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

Ákvörðun (SSUÖ) 2016/1693 er breytt sem hér segir:

- 1) Eftirfarandi málsgrein er bætt við í 6. gr.:
„7. Fresta skal þeim aðgerðum sem um getur í 3. og 4. mgr. 3. gr., að því marki sem þær eiga við um Lýðræðissveitir bandamanna (e. Allied Democratic Forces), eins lengi og þær aðgerðir sem mælt er fyrir um í 1. og 2. mgr. 5. gr. ákvörðunar 2010/788/SSUÖ ⁽³⁾ gilda um þá rekstrareiningu.
- 2) Viðaukanum við ákvörðun (SSUÖ) 2016/1693 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa ákvörðun.

*2. gr.*Ákvörðun þessi öðlast gildi daginn sem hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Gjört í Brussel 24. nóvember 2025.

*Fyrir hönd ráðsins,**forseti*

L. LØKKE RASMUSSEN

⁽¹⁾ Ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2016/1693 frá 20. september 2016 um þvingunaraðgerðir gegn Íslamska ríkinu (Da'esh) og Al-Qaida-samtökunum og einstaklingum, hópum, fyrirtækjum og rekstrareiningum sem þeim tengjast og um niðurfellingu sameiginlegrar afstöðu 2002/402/SSUÖ (Stjtið. ESB L 255, 21.9.2016, bls. 25, ELI: <http://data.europa.eu/eli/dec/2016/1693/oj>).

⁽²⁾ Ákvörðun ráðsins 2010/788/SSUÖ frá 20. desember 2010 um þvingunaraðgerðir í ljósi ástandsins í Lýðstjórnarlýðveldinu Kongó (Stjtið. ESB L 336, 21.12.2010, bls. 30, ELI: <http://data.europa.eu/eli/dec/2010/788/oj>).

⁽³⁾ Ákvörðun ráðsins 2010/788/SSUÖ frá 20. desember 2010 um þvingunaraðgerðir í ljósi ástandsins í Lýðstjórnarlýðveldinu Kongó (Stjtið. ESB L 336, 21.12.2010, bls. 30, ELI: <http://data.europa.eu/eli/dec/2010/788/oj>).“

VIÐAUKI

[Viðaukar eru birtir á vef Stjórnartíðinda ESB: <http://data.europa.eu/eli/dec/2025/2398/oj>.

Listar yfir aðila, hluti, tækni eða annað viðfang þvingunaraðgerða, eru birtir á vef Stjórnartíðinda Evrópusambandsins. Síðari breytingar og uppfærslur viðaukanna öðlast sjálfkrafa gildi við birtingu á þeim vef, sbr. 3. mgr. 6. gr. laga um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða og frýstingu fjármuna nr. 68/2023.

Vefur Stjórnartíðinda Evrópusambandsins er hér: <http://eurlex.europa.eu>.

Heildarlisti yfir aðila sem eru háðir frýstingu fjármuna er hér: https://ec.europa.eu/info/business-economy-euro/banking-and-finance/international-relations/restrictive-measures-sanctions_en#list.]

Fylgiskjal 3.11.

REGLUGERÐ RÁÐSINS (ESB) 2025/2397

frá 24. nóvember 2025

um breytingar á reglugerð (ESB) 2016/1686 um viðbótarþvingunaraðgerðir gegn Íslamska ríkinu (Da'esh) og Al-Qaida-samtökunum og einstaklingum, lögaðilum, rekstrareiningum eða stofnunum sem þeim tengjast

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 215. gr.,

með hliðsjón af ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2025/2398 frá 24. nóvember 2025 um breytingu á ákvörðun (SSUÖ) 2016/1693 um þvingunaraðgerðir gegn Íslamska ríkinu (Da'esh) og Al-Qaida-samtökunum og einstaklingum, hópum, fyrirtækjum og rekstrareiningum sem þeim tengjast ⁽¹⁾,

með hliðsjón af sameiginlegri tillögu frá æðsta fulltrúa Sambandsins í utanríkis- og öryggismálum og framkvæmdastjórn Evrópusambandsins,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Með reglugerð ráðsins (ESB) 2016/1686 ⁽²⁾ er ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2016/1693 ⁽³⁾ komið til framkvæmda.
- 2) Í ljósi þeirrar áframhaldandi ógnar sem stafar af Íslamska ríkinu (Da'esh) og Al-Qaida-samtökunum og einstaklingum, hópum, fyrirtækjum og rekstrareiningum sem þeim tengjast samþykkti ráðið 24. nóvember 2025 ákvörðun (SSUÖ) 2025/2398 í því skyni að bæta einni rekstrareiningu við á skrána yfir einstaklinga, hópa, fyrirtæki og rekstrareiningar sem þvingunaraðgerðir taka til.
- 3) Þvingunaraðgerðir samkvæmt ákvörðun ráðsins 2010/788/SSUÖ ⁽⁴⁾ og reglugerð ráðsins (EB) nr. 1183/2005 ⁽⁵⁾ taka þegar til þeirrar rekstrareiningar. Til að tryggja samræmda framkvæmd aðgerða til frýstingar eigna er með ákvörðun (SSUÖ) 2025/2398 viðeigandi þvingunaraðgerðum, sem eiga við þessa rekstrareiningu samkvæmt þeirri ákvörðun, frestað eins lengi og þær aðgerðir sem kveðið er á um í ákvörðun 2010/788/SSUÖ gilda um hana.
- 4) Þessar ráðstafanir falla undir gildissvið sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins og því er lagasetning á vettvangi Sambandsins nauðsynleg, einkum til að tryggja að þeim verði beitt með sama hætti í öllum aðildarríkjunum.
- 5) Því ætti að breyta reglugerð (ESB) 2016/1686 til samræmis við það.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi málsgrein bætist við 4. gr. reglugerðar (ESB) 2016/1686:

„5. Fresta skal þeim aðgerðum sem um getur í 1. og 2. mgr. 2. gr., að því marki sem þær eiga við um Lýðræðis-sveitir bandamanna (e. Allied Democratic Forces), eins lengi og þær aðgerðir sem mælt er fyrir um í 1. og 2. mgr. 2. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 1183/2005 ⁽⁶⁾ gilda um þá rekstrareiningu.“

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn sem hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 24. nóvember 2025.

Fyrir hönd ráðsins,

forseti

L. LØKKE RASMUSSEN

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L, 2025/2398, 24.11.2025, ELI: <http://data.europa.eu/eli/dec/2025/2398/oj>.

⁽²⁾ Reglugerð ráðsins (ESB) 2016/1686 frá 20. september 2016 um viðbótarþvingunaraðgerðir gegn Íslamska ríkinu (Da'esh) og Al-Qaida-samtökunum og einstaklingum og lögaðilum, rekstrareiningum eða stofnunum sem þeim tengjast (Stjtið. ESB L 255, 21.9.2016, bls. 1, ELI: <http://data.europa.eu/eli/reg/2016/1686/oj>).

⁽³⁾ Ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2016/1693 frá 20. september 2016 um þvingunaraðgerðir gegn Íslamska ríkinu (Da'esh) og Al-Qaida-samtökunum og einstaklingum, hópum, fyrirtækjum og rekstrareiningum sem þeim tengjast og um niðurfellingu sameiginlegrar afstöðu 2002/402/SSUÖ (Stjtið. ESB L 255, 21.9.2016, bls. 25, ELI: <http://data.europa.eu/eli/dec/2016/1693/oj>).

⁽⁴⁾ Ákvörðun ráðsins 2010/788/SSUÖ frá 20. desember 2010 um þvingunaraðgerðir í ljósi ástandsins í Lýðstjórnarlýðveldinu Kongó (Stjtið. ESB L 336, 21.12.2010, bls. 30, ELI: <http://data.europa.eu/eli/dec/2010/788/oj>).

⁽⁵⁾ Reglugerð ráðsins (EB) nr. 1183/2005 frá 18. júlí 2005 um þvingunaraðgerðir í ljósi ástandsins í Lýðstjórnarlýðveldinu Kongó (Stjtið. ESB L 193, 23.7.2005, bls. 1, ELI: <http://data.europa.eu/eli/reg/2005/1183/oj>).

⁽⁶⁾ Reglugerð ráðsins (EB) nr. 1183/2005 frá 18. júlí 2005 um þvingunaraðgerðir í ljósi ástandsins í Lýðstjórnarlýðveldinu Kongó (Stjtið. ESB L 193, 23.7.2005, bls. 1, ELI: <http://data.europa.eu/eli/reg/2005/1183/oj>).

B-deild – Útgáfudagur: 31. mars 2026

Leiðrétt skjal: 8. apríl 2026